# Fiskþurrkun á Laugum í Reykjadal

Starfsleyfisvinnsla Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

Leifur Þorkelsson
Framkvæmdarstjóri

HNE

# Forsaga

Starfleyfi vegna fiskþurrkunar á Laugum var gefið út haustið 2011. Leyfið var gefið út til 12 ára. Kominn tími á endurnýjun leyfisins haustið 2023

Gefið út grunni reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit og reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun

- Reglugerðirnar voru felldar niður í árslok 2018 með reglugerð 550/2018

# Forsaga

Heitloftsþurrkun var í eftirlitsflokki 4 samkvæmt mengunarvarnarreglugerð,

Gert ráð fyrir eftirlitsheimsókn annað hvert að jafnaði. Ekki gert ráð fyrir neinum eftirlitsmælingum

*Úr mengunarvarnarreglugerð frá árinu 1994*

- Öll losun mengandi efna og skólps í vatn er óheimil án tilskilinna leyfa. Í ákvæðum starfsleyfa skulu allar viðeigandi ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir vatnsmengun. Beita skal fullkomnustu tækni sem völ er á að því tilskildu að **kostnaðurinn við það sé ekki óhóflegur**. Jafnframt skal leitast við að nota þau efni sem skaða umhverfið sem minnst.

# Reglugerð 550/2018

- Markar tímamót í útgáfu starfsleyfa
- Tiltekið hvaða gögn skulu fylgja umsókn um starfsleyfi
- Krafa um losunarmörk og vöktun í starfsleyfisskilyrðum

- Reglugerðin tryggir að almenningur hafi rétt til upplýsinga og aðkomu að leyfisferli
-

# Starfsleyfistillaga auglýst 2023

Á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit

- Í tillögunni var gerð krafa um að útblástursloft skyldi hreinsað í lofthreinsibúnaði
- Gerð krafa um betri hreinsun fráveituvatns, veittur árs frestur til þess að bæta hreinsibúnað fyrir fráveituvatn

# Starfsleyfi 2023

12 aðilar sendu inn athugasemdir við tillöguna sem flestar vörðuðu lyktarmengun, hávaða og frárennsli.

- Í útgefnu starfsleyfi voru gerðar skýrari kröfur um hreinsun á fráveituvatni og útblásturslofti.
- Starfsleyfistíminn var takmarkaður við eitt ár og gerð krafa um að á starfsleyfistímanum yrði lykteyðingarbúnaður settur upp, hreinsun á frárennsli bætt og hávaði yrði mældur frá verksmiðjunni

**Starfsleyfið var gefið út 15. nóvember 2023**

15. September 2024
237. fundur
Heilbrigðisnefndar
Norðurlands eystra

**8. Erindi frá Samherja vegna starfsleyfis heitloftsþurrkunar á Laugum í Reykjadal**

Tekið fyrir erindi frá Samherja Ísland ehf. þar sem óskað var eftir því eftir því að gildistími starfsleyfis fyrir heitloftsþurrkun fyrirtækisins að Laugum í Reykjadal verði framlengdur til 15. maí 2025 vegna breyttra forsenda.

*Heilbrigðisnefnd samþykkir, í samræmi við 2.mgr. 6.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að breyta starfsleyfi vegna heitloftsþurrkunar fiskafurða að Austurhlíðarvegi 2 að Laugum í Reykjadal á þann hátt að leyfið gildi til 15. maí 2025.*

9. apríl 2025
241. fundur
Heilbrigðisnefndar
Norðurlands eystra

**5. Erindi frá Samherja vegna starfsleyfis heitloftsþurrkunar á Laugum í Reykjadal**

Tekið fyrir erindi frá Samherja Ísland ehf. þar sem óskað er eftir framlengingu á gildistíma starfsleyfis fyrir heitloftsþurrkun fiskafurða á Laugum en leyfið gildir til 15. maí nk. Fyrir liggur úrbótaáætlun frá fyrirtækinu sem gerir ráð fyrir því að þeim úrbótum sem gerð er krafa um í starfsleyfi verði lokið í byrjun nóvember nk.

*Heilbrigðisnefnd samþykkir að starfsleyfi Samherja fyrir heitloftsþurrkun fiskafurða á Laugum í Reykjadal verði framlengt um 6 mánuði og gildi til 15. nóvember nk. Með því hefur gildistími leyfisins sem upphaflega átti að gilda til 15. nóvember 2024 verið framlengdur um eitt ár, sem er hámarkstími framlengingar skv. 4.mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.* ***Forsenda þess að nýtt starfsleyfi verði gefið út er sú að unnið verið samkvæmt innsendri úrbótaáætlun og þær kröfur sem fram koma í starfsleyfi verði uppfylltar***

# Nóvember 2025

**3. nóvember - umsókn um nýtt starfsleyfi berst**

- Við vinnslu starfsleyfistillögu er meðal annars fundað með sérfræðingun á sviði vatnamála hjá Umhverfis-og Orkustofnun
- Í kjölfar breytinga á lögum um stjórn vatnamála og útgáfu leiðbeininga UOS (2024-2025) er nú skýr krafa um að rekstraraðilar láti framkvæma áhrifamat fyrir vatnshlot og að útbúin verði vöktunaráætlun vegna viðtaka
- Einnig haft samband við sveitarfélagið

# Helstu breytingar miðað við eldra leyfi

- Skýrari ákvæði um ástæður og lagastoðir fyrir endurskoðun leyfis
- Hert losunarmörk fyrir fráveituvatn
- Skýrari krafa um að fjarlægja mengandi efni úr frárennsli
- Gerð krafa um vöktun viðtaka
  Sameiginleg með sveitarfélaginu
- Útbúa þarf áhrifamat fyrir vatnshlot
- Skýrari krafa um framkvæmd hávaðamælinga

# Starfsleyfistillgaga 2025

Verður sett inn á heimasíðu HNE í vikunni

www.hne.is

- Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillöguna innan fjögurra vikna frá auglýsingu

- Athugasemdir sendast á hne@hne.is